

**Ed.**

**351. Nefndarálit**

um frv. til laga um bæjarstjóra á Siglufirði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv.; meiri hl. leggur á móti því, að lögleyft sé, að bæjarstjórn Siglufjarðar kjósi sér sjálf bæjarstjóra. Ég tel þetta hinsvegar sjálfsagðan hlut, og það því fremur, sem allir hinir kaupstaðirnir, að einum undanskildum, hafa þennan rétt í nýsamþykktum lögum frá Alþingi. Ég legg því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. marz 1930.

Jón Baldvinsson,  
form.